

HSU

Kirkjubæjarklaustur



HEILSUVERA.IS

Á heilsuvera.is eru upplýsingar um heilsu, hægt að leita aðstoðar fagfólks heilsugæslunnar o.fl.

Þú getur notað heilsuveru í tölvu, spjaldtölvu eða í snjallsíma.

Til að geta nýtt sér heilsuveru þarf rafræn skilríki sem hægt er að fá í banka. Nauðsynlegt er að hafa simkort sem styður slík skilríki.

Til að geta nýtt sér heilsuveru þarf að vera skráður á heilsugæslustöð. Æskilegt er að skrá sig og sína á þá heilsugæslu sem þjónustan er oftast sótt.

Lyfseðlar–fyrirspurnir–fræðsla–netspjall

Lyfjaendurnýjanir: Á mínum síðum heilsuveru sérðu: yfirlit yfir lyfseðla sem þú átt í lyfjagátt og getur óskað eftir lyfjaendurnýjun á föstum lyfjum. Ráðlagt er að óska eftir lyfjaendurnýjunum tímanlega. Ekki er hægt að tryggja að lyfseðill sé endurnýjaður samdægurs, tekur að jafnaði ekki lengur en 2 daga. Allir eru hvattir til að nýta sér þennan möguleika.

Fyrirspurnir á þína heilsugæslu: Hægt er að hafa samband við þína heilsugæslu með því að senda inn fyrirspurn. Valinn er liðurinn „samskipti“ og síðan er valin „ný fyrirspurn“. Íjasm1979 Fyrirspurninni er komið í farveg eftir efnistöfum. Það tekur að öllu jöfnu 1-3 daga að fá svar og því hentar ekki þessi leið við bráðum erindum.

Netspjall: Opið frá 9 til 12 og 13 til 22 virka daga og frá 10 til 16 á frídögum. Erindum sem berast utan opnunartíma er svarað þegar opnað er næst.

Fræðsla: Mikið af upplýsingum og fróðleik um heilsu og áhrifaþætti hennar.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands Kirkjubæjarklaustri

📍 Skriðuvellir 13
880 Kirkjubæjarklaustur

📞 432 2880
Vakt 1700

Neyðartilfelli 112

Hægt er að bóka myndsamtal og tíma á heilsuvera.is

🌐 www.hsu.is

Opnunartímar: Mán/fim 12-15 Þri/mið/fös 09-12



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Lyfjaendurnýjanir - Hvernig er hægt að endurnýja föst lyf ?

- Lyfjaendurnýjanir gilda um lyf sem viðkomandi hefur fengið áður hjá heilsugæslunni eða upplýsingar eru til frá öðrum læknum.
- Lyfseðlar eru sendir rafrænt í svokallaða lyfseðlagátt sem er miðlægur grunnur.
- Öll apótek geta sótt lyfseðlana þangað.

Valmöguleikar:

1. Rafrænt á heilsuvera.is. Allir eru hvattir til að virkja og nýta sér þennan möguleika.
2. Hringja alla virka daga á eftirfarandi tímum: **Mán/fim milli kl 13-14 og þri/mið og fös milli 09-10 í síma 432 -2880.** Ekki er tekið við beiðnum um endurnýjun lyfseðils í síma á öðrum tímum.
3. Panta símatíma eða koma á stofu læknis.

A.T.H Ekki er hægt að fá endurnýjuð sýklalyf, sterk verkjalyf og róandi lyf í gegnum síma eða heilsuveru.

A.T.H Mikilvægt er fyrir fólk sem þarf að nota lyf að staðaldri að endurnýja tímanlega.

A.T.H Til að fá fjölnotaseðil þá þarf að koma á stofu.

Allir sem nota lyf að staðaldri ættu að koma til læknis a.m.k árlega til að fara yfir lyfjalistann sinn en það er mikilvægur þáttur í að viðhalda heilbrigði.

TRYGGJUM ÁFRAMHALDANDI GÓÐAN ÁRANGUR !

Þvóm okkur um hendur

Sprittum okkur

Sóttreinsum sameiginlega snertifleti

Verndum viðkvæma hópa

Veitum svigrúm fyrir 2 metra valkvæða reglu

Virðum sóttkví og einangrun

Hringjum í heilsugæsluna/1700 ef einkenni

Verum skilningsrík, tillitssöm,

kurteis og styðjum hvert annað

Grunur um covid19 ? **EKKI** koma beint á heilsugæsluna. Hringdu í 1700 eða á heilsugæsluna á opnunartíma



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Allar upplýsingar á **Covid.is**

Við erum öll almannavarnir og verðum það áfram !